

Samþykkt fyrir sameiginlega félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar

(samkvæmt samningi um sameiginlega félagsmálanefnd sem undirritaður var 5. desember 2008)

Um verkefni félagsmálanefndar

1. gr.

Félagsmálanefnd fer með stjórn félags- og barnaverndarmála í umboði bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, sveitarstjórnar Borgarfjarðarhrepps, sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps, sveitarstjórnar Djúpavogshrepps eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Nefndin er sameiginleg nefnd Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 10. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

2. gr.

Félagsmálanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, sveitarstjórnar Borgarfjarðarhrepps, sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps, sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar um stefnumörkun á sviði félagsmála Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Nefndin fylgist með því að starfsfólk á hennar vegum vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og að starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

Hlutverk félagsmálanefndar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Félagsmálanefnd leitast við að félagsleg þjónusta verði í samræmi við þarfir íbúa og að þeir hafi upplýsingar um þá félagslegu þjónustu sem í boði er. Félagsmálanefnd vinnur með öðrum opinberum aðilum svo og félögum, félagasamtökum og einstaklingum að því að bæta félagslegar aðstæður og umhverfi í sveitarfélaginu.

3. gr.

Helstu verkefni félagsmálanefndar eru:

1. félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð við einstaklinga og fjölskyldur,
2. félagsleg heimaþjónusta,
3. málefni barna, þar með talin barnaverndarmál
4. þjónusta við börn og unglinga, fatlaða og aldraða,

5. úrræði í húsnæðismálum,

4. gr.

Félagsmálanefnd hefur eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða byggðum á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin setja skyldur á herðar sveitarfélögunum:

1. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 að því marki sem einstök verkefni hafa ekki verið falin öðrum nefndum,
2. barnaverndarlög nr. 80/2002,
3. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992
4. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999
5. barnalög nr. 76/2003,
6. aðrar lagasetningar Alþingis sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

5. gr.

Félagsmálanefnd starfar í samræmi við eftirfarandi reglur og stefnur bæjarstjórnar Fljótshéraðs sem eftir eðli þeirra skulu staðfestast af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps, sveitarstjórn Fljótshrepps, sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps, sveitarstjórn Djúpavogshrepps og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar:

1. reglur um fjárhagsaðstoð félagsmálanefndar,
2. reglur um ferliþjónustu fatlaðra,
3. reglur um félagslega heimaþjónustu,
4. stefnumótun í þjónustu við aldraða,
5. reglur um liðveislu,
6. reglur um könnun og meðferð barnaverndarmála,
7. reglur um aðstoð til greiðslu lögfræðikostnaðar í barnaverndarmálum,
8. fjölskyldustefnu Fljótshéraðs,
9. jafnréttisstefnu Fljótshéraðs,
10. staðardagskrá 21 fyrir Fljótshérað,
11. aðrar samþykktir sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

6. gr.

Félagsmálanefnd getur veitt styrki til verkefna innan málaflokka þess. Félagsmálanefnd skal móta reglur um slíkar styrkveitingar.

Um skipan félagsmálanefndar

7. gr.

Hin sameiginlega félagsmálanefnd skal skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara, þannig að bæjarstjórn Fljótshéraðs kýs þrjá fulltrúa, þar af skal einn þeirra vera formaður og þrjá varamenn þeirra. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Sveitarstjórnir Borgarfjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar kjósa sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara. Aðalmaður komi frá Vopnafjarðarhreppi og varamaður frá Borgarfjarðarhreppi. Sveitarstjórnir Fljótshrepps og Djúpavogshrepps kjósa sameiginlega

einn fulltrúa í nefndina og einn til vara. Aðalmaður komi frá Djúpavogshreppi og varamaður frá Fljótsdalshreppi.

Félagsmálanefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Stefnt skuli að því að nefndin endurspegli dreifða búsetu, þ.e. að í henni sitji bæði fulltrúar úr þéttbýli og dreifbýli. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem félagsmálanefnd fjallar um. Leitast skal við að kjósa lögfræðing í nefndina þar sem slíks er kostur og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna.

Um kosningu í nefndina, kjörgengi, kjörtímabil og annað sem máli skiptir fer að öðru leyti eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nú lög nr. 45/1998, sjá nánar IV. kafla, nefndir, ráð og stjórnir.

8. gr.

Formaður félagsmálanefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

9. gr.

Félagsmálanefnd heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

10. gr.

Félagsmálastjóri Fljótsdalshéraðs situr fundi félagsmálanefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal félagsmálanefnd leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra embættismanna á fjölskyldu- og frístundasviði Fljótsdalshéraðs þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast öðrum deildum stjórnarsýslu sveitarfélagsins og eftir atvikum sveitarstjórum / oddvitum Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs Fljótsdalshéraðs hafa seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt, nema þegar fjallað eru um trúnaðarmál.

Um yfirstjórn málaflokka félagsmálanefndar

11. gr.

Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, í umboði bæjarstjórnar, ræður félagsmálastjóra. Bæjarstjóri ræður stjórnendur stofnana Fljótsdalshéraðs sem undir félagsmálastjóra heyra, í samráði við félagsmálanefnd. Félagsmálastjóri ræður í önnur störf á sviði félagsþjónustu í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun.

12. gr.

Bæjarráð Fljótshéraðs úthlutar fjárhagsramma til nefndarinnar vegna fjárhagsáætlunar fyrir hvert starfsár. Sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps, sveitarstjórn Fljótshrepps, sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps, sveitarstjórn Djúpavogshrepps og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar skulu staðfesta fjárhagsáætlun nefndarinnar. Félagsmálanefnd gerir starfsáætlun í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár vegna málaflokka sinna. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar Fljótshéraðs og sveitarstjórna sveitarfélaganna sex eftir atvikum.

Félagsmálastjóri leggur fram í nefndinni tillögur að fjárhagsáætlunum málaflokka félagsmálanefndar sem nefndin skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

13. gr.

Formaður félagsmálanefndar er í forsvari fyrir félagsmálanefnd um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á. Félagsmálastjóri ber ábyrgð á stjórnun og rekstri málaflokka félagsmálanefndar, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Um fundarsköp félagsmálanefndar

14. gr.

Um fundarsköp á fundum félagsmálanefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Fljótshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í félagsmálanefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundir félagsmálanefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Félagsmálanefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Þegar teknar eru ákvarðanir í barnaverndarmálum skal jafnframt tryggt að nefndin sé skipuð í samræmi við fyrirmæli 1. og 2. mgr. 49. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða félagsmálanefnd ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli, öðrum en trúnaðarmáli, til úrskurðar bæjarstjórnar Fljótshéraðs eða viðkomandi sveitarstjórnar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega. Um samþykktir varðandi trúnaðarmál fer samkvæmt 15. gr.

15. gr.

Um ritun fundargerða félagsmálanefndar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ritari félagsmálanefndar skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa

1. fundartíma og fundarstað,
2. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
3. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
4. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
5. stutta lýsingu á hverju fundarefni og afgreiðslu þess,
6. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
7. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra Fljótsdalshéraðs sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Fljótsdalshéraðs og sendir þær til sveitarstjóra Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpvogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Félagsmálastjóri Fljótsdalshéraðs ber ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í félagsmálanefnd, um málalok.

Að því marki sem ákvarðanir nefndarinnar þurfa staðfestingu sveitarstjórna skal formaður nefndarinnar eða starfsmenn í umboði hans tryggja að fundargerðir nefndarinnar eða tilteknir liðir þeirra komi til umfjöllunar hjá viðkomandi sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjórnnum, á næsta sveitarstjórnarfundi að afloknum fundi nefndarinnar, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Trúnaðarmál skulu færð í sérstaka trúnaðarmálabók sem félagsmálastjóri varðveitir í læstum skjalaskáp.

Um hæfi og skyldur nefndarmanna félagsmálanefndar og annarra fundarmanna

16. gr.

Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktir um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Um hæfi starfsmanna félagsmálanefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

17. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi félagsmálanefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Málsmeðferðareglur félagsmálanefndar

18. gr.

Við meðferð mála hjá félagsmálanefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlaga nr. 80/2002 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Félagsmálanefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá ráðinu. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs sbr. stjórnarsýslulög nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum félagsmálanefndar áður en tekin er ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. og 17. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996.

Ákvörðun félagsmálanefndar skal tilkynnt aðila máls með formlegum hætti. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kæru- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

Heimildir til fullnaðarákvarðana

19. gr.

Félagsmálanefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar og sveitarstjórnanna mál á verksviði þess ef

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

20. gr.

Félagsmálastjóri Fljótsdalshéraðs afgreiðir án staðfestingar félagsmálanefndar eftir því sem við á fyrir hvert sveitarfélag:

1. umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð, sbr. 5. gr.
2. umsóknir um heimaþjónustu skv. reglum um heimaþjónustu sbr. 5. gr.,
3. umsóknir um dagvist aldraðra skv. reglum sem bæjarstjórn setur,
4. umsóknir um ferliþjónustu skv. reglum um ferliþjónustu sbr. 5. gr.
5. vistunarmat, í samstarfi við þjónustuhóp aldraðra, um stofnanavist hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands, skv. lögum um málefni aldraðra 125/1999,
6. umsóknir um liðveislu skv. reglum
7. önnur mál sem félagsmálanefnd felur félagsmálastjóra að afgreiða.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs setur reglur um afgreiðslu ofangreindra mála sem staðfestast skulu eftir atvikum af sveitarstjórnum Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Mál sem félagsmálastjóri afgreiðir í umboði félagsmálanefndar skulu kynnt félagsmálanefnd með skriflegri skýrslu a.m.k. tvisvar á ári eða oftár ef félagsmálanefnd óskar.

Ákvörðunum félagsmálastjóra sem teknar eru á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er hægt að skjóta til félagsmálanefndar, sbr. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Endurupptaka máls

21. gr.

Eftir að félagsmálanefnd eða starfsmenn hennar hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til félagsmálanefndar.

Stjórnsýslukæra

22. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun félagsmálanefndar eða starfsmanna þess til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun ráðsins eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Gildi samþykktarinnar

23. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 7. júlí 2010.